

2. gr.

Í stað kr. 0.20 í D-lið gjaldskrárinnar komi: kr. 0.25.

88

25. maí

3. gr.

Í stað kr. 0.50 í F-lið komi: kr. 0.60.

4. gr.

Stafliður H. orðist svo:

H. Heimtaugargjald.

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna skal greiða heimtaugargjald. Skál það vera sem hér segir:

1. Grunnjald fyrir hverja loftlínuheimtaug kr. 400.00.
2. Fyrir jarðlínuheimtaug kr. 800.00.

Auk þessa grunnjalds skal greiða kr. 4.00 af hverju þúsundi króna af brunabótamati húsa og annarra mannvirkja. Hálfu þúsundi eða minna í brunabótamati skal sleppa í útreikningi þessum, en ella hækka upp í heilt þúsund.

Ef brunabótamat á húsi er gamalt, getur rafveitustjóri eða rafveitustjórn samræmt það nýju mati og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti húseigandi meta húsið á ný, skal þó heimtaugargjaldið miðast við það mat.

Húseigandi greiði grunnjald heimtaugar um leið og uppsetningu heimtaugar er lokið. Hinn hluti heimtaugargjaldsins fellur í gjalddaga þegar brunabótamat hússins hefur verið framkvæmt.

Sá lengd jarðlínuheimtaugar meira en 15 metrar og loftlínuheimtaugar meira en 40 metrar og/eða gildleiki vira meira en 3×70 mm², skal húseigandi greiða að fullu kostnað af því, sem fram yfir er.

Ef lagðar eru fleiri en ein taug að sama húsi, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

Hámark heimtaugargjalds fari þó ekki fram yfir kr. 5000.00 að viðbættu grunnjaldi.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 25. maí 1957.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING**um framlengingu ökukennararéttinda.**

89

20. maí

Með skírskotun til þess að lög og reglugerðir um umferða- og bifreiðamál hafa verið í endurskoðun og nýtt umferðarlagafrunvarp hefur verið lagt fyrir Alþingi, framlengjast hér með til 31. marz 1958, löggildingar manna til ökukennslu samkvæmt 1. mgr. og 3. mgr. 21. gr. bifreiðalaga og reglugerð nr. 178 13. des. 1948, um kennslu og próf fyrir bifreiðarstjóra, og reglugerð nr. 58 27. marz 1953, um breytingu á þeirri reglugerð, sbr. augl. nr. 45 11. marz 1955 og nr. 31 12. marz 1956.

Í dómsmálaráðuneytinu, 20. maí 1957.

Hermann Jónasson.

Baldur Möller.